

Frá Indriða Inga Stefánssyni, varabæjarfulltrúa – 9. janúar 2023
Erindi vegna kynjahlutfalls í nefndum og ráðum Kópavogsbæjar.

Með vísan til 28. gr. Sveitarstjórnarlaga og 44. gr. Laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynja. Sem varðar kynjahlutfall í nefndum og við framlagningu lista til hlutfallskosningar.

Í ljósi þess að í þremur nefndum(Hafnarstjórn, jafnréttis- og mannréttindaráð og Umhverfis- og samgöngu) er kynjahlutfall ekki í samræmi við lágmarkshlutfall og hlutfall lista virðist í sumum tilfellum ekki hafa verið í samræmi við lög.

Í því ljósi vil ég að við könnum hvort í samræmi við lög og [erindisbréf nefndarinnar](#) kalli þetta á viðbrögð? Ég bendi á að búið er að svara erindi bæjarfulltrúa Sigurbjargar Erlu frá 24. nóvember varðandi hlutfall í nefndum í svarinu virðist metið að jöfnu kyn varafulltrúa og aðalfulltrúa. Að meta að jöfnu kyn vara og aðalfulltrúa þykir mér sæta nokkurri furðu þar sem áhrif varafulltrúa eru í engu samræmi við áhrif aðalfulltrúa og í öllum þeim tilfellum sem metin voru ýkir það skekkjuna frekar en jafna.

Ég tel að við sem nefnd þurfum að ávarpa er hvort þetta kalli á viðbrögð af okkar hálfu og ef ekki vil ég óska eftir rökstuðningi fyrir því að ekki var farið eftir Lögum við um jafna stöðu kynjanna við framlagningu lista sem og því hvers vegna þetta skökk staða kallar ekki á viðbrögð.

Sveitarstjórnarlög 28. gr.

Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera. Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er þó heimilt að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

44. gr. Framlagning lista við hlutfallskosningu. Við bundna hlutfallskosningu í nefndir skal framlagning lista fara fram með eftirfarandi hætti: 1. Leggja skal fram lista þar sem fram koma tillögur um fulltrúa í viðkomandi nefnd. Hver sveitarstjórnarmaður getur aðeins staðið að tillögu um einn lista í hverja nefnd. Listi getur innihaldið allt að tvöföldum þeim fulltrúafjölda sem kjósa skal til nefndarinnar. Nafn sveitarstjórnarmanns má aðeins setja á þann lista sem hann sjálfur stendur að tillögu um. 2. Ef velja á tvo eða þrjá fulltrúa í nefnd skal a.m.k. einn af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á fjóra eða fimm fulltrúa skulu a.m.k. tveir af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á sex til átta í nefnd skulu a.m.k. þrír af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á níu fulltrúa skulu a.m.k. fjórir af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á fleiri í nefnd skulu a.m.k. 40% af hvoru kyni vera á lista. Ef kjörgengi í nefnd er bundið við sveitarstjórnarmenn eða varamenn þeirra á þessi regla þó ekki við. Hið sama á við ef kjörgengi í nefnd er bundið með þeim hætti að ekki er fært að fullnægja kröfum samkvæmt þessum lið.